Bær í barnsaugum

– að beina sjónum að menningu barna

Sameiginlegt verkefni leikskóla Akureyrar, skóladeildar Akureyrar og skólaþróunarsviðs HA

Sigríður Síta Pétursdóttir

Þátttakendur í verkefninu „Bær í barnsaugum“, komu frá eftirfarandi leikskólum á Akureyri; Flúðum, Holtakoti, Kiðagili, Klöppum, Krógaból, Lundarseli, Naustatjörn, Pálmholti, Síðuseli og Sunnubóli.

Umsjón með verkefninu var í höndum Skólaþróunarsviðs kennaradeildar Háskólans á Akureyri og Skóladeildar Akureyrar.

©2004
Háskólinn á Akureyri
Sigríður Síta Pétursdóttir

Þakkarorð

Eftirfarandi fyrirtækjum og stofnunum er þakkaður stuðningur við verkefnið:
Samkaup-Nettó, studdi verkefnið fjárhagslega og með því að bjóða leikskólunum að sýna verk sín endurgjaldslaust á Glerártorgi, viku í senn í júnímánuði, þannig framlengdist verkefnið og varð til þess að fleiri gátu notið þess.

Menningar- og viðurkenningarsjóður KEA.
Útgerðarfélag Akureyrar.
KB-banki.
Norðlenska matborðið, bæði fjárhagslega og eins með því að bjóða öllum upp á grillaðar pylsur á Ráðhústorginu á sýningardaginn.
Verktakafyrirtæki Páls Alfreðssonar.
Sparisjóður Norðurlands.
Ásprent gaf allar auglýsingar í Dagskránna.
Bautinn.
Nýja bíó.
Vífilfell.
Akureyrarbær.

Sesselju Sigurðardóttir, er þakkað fyrir hennar óeigingjarna starf í þágu verkefnisins, en hún sá um að allt gengi vel og örugglega fyrir sig, sá um að rita fundargerðir, gætti fjármála og að allt kæmist til skila.

Eftirtöldum leikskólakennurum eru færðar sérstakar þakkir en þær sáu um að halda utan um verkefnið hver í sínum leikskóla;

Alfa Björk Kristinsdóttir	leikskólinn Klappir
Agnes Bryndís Jóhannesdóttir	leikskólinn Kiðagil
Helga María Þórarinsdóttir	leikskólinn Lundarsel
Ingibjörg Hallgrímsdóttir	leikskólinn Pálmholt
Lilja Valdimarsdóttir	leikskólinn Krógaból
Linda Egilsdóttir	leikskólinn Naustatjörn
Rannveig Þórhallsdóttir	leikskólinn Síðusel
Sigríður Fossdal	leikskólinn Sunnuból
Svala Björnsdóttir	leikskólinn Flúðir
Þorgerður Sævarsdóttir	leikskólinn Holtakot

Öllum börnum og kennurum sem þátt tóku í verkefninu er þakkað þeirra framlag án þeirra hefði ekki verið neitt verkefni.

Efnisyfirlit

Þakkarorð iii
Inngangur 1
Bær í barnsaugum 2
Markmið verkefnisins 2
Fólkið sem býr í bænum 5
Listmálarinn 6
Allar heimsins konur 7
Vinnustofur listamanna 7
Ljósmyndir 8
Listaverk geta verið allskonar 9
Leirlist 10
Samstarf eldri og yngri borgara 12
Leikskólinn minn 13
Húsið mitt 16
Vefstafir 16
Fjölskyldan okkar 16
Fiskabúrið 17
Álfar 19
Bátar 19
Álfabyggð 20
Álfaspor 21
Eru álfar til? 21
Tvö ævintýri um álfana í Álfalind 10 D 23
Eru álfar kannski menn? 24
Gamli tíminn 25
Akureyri bærinn okkar 27
Skáldið og húsið 29
Leikskólinn okkar 29
Kvæðið um fuglana 30
Gullna hliðið 31
Umhverfið okkar 32

Ostur og skyr 34
Auðhumla 34
Holt og gott 34
Skiltin 35
Skyrdrykkir 36
Umbúðirnar 37
Ostur 38
Kirkjan með augum barna 39
Samantekt 43
Heimildir 44
Listi yfir fylgiskjöl 44
Listi yfir heimasíður þátttöku leikskólanna 44

Inngangur

Einn haustdag er ég gekk í gegnum Lystigarðinn á Akureyri á leið minni til vinnu, var sýning í garðinum sem kallast 13+3 og vísar til þess að sýnendur voru 13 norðlenskar listakonur ásamt 3 starfsystrum frá Færeyjum. Listaverkum af ýmsum stærðargráðum, var komið fyrir vítt um garðinn. Þarna voru litlar prjónaðar færeyskar peysur festar saman og inn á milli trjánna í garðinum, mátti líta alskyns verur og hluti úr þæfðri ull svo eitthvað sé nefnt. Það voru einmitt „peysurnar og snuðin“ sem urðu kveikjan að hugmyndinni sem síðar varð að verkefninu „Bær í barnsaugum“.

Mér varð litið á listaverkin allt í kringum mig og hugsaði, „af hverju ekki að koma einhverju svona verkefni af stað í leikskólunum, verkefni þar sem allir leikskólar bæjarins eru þátttakendur?“ Í framhaldi af því varð mér hugsað til verkefnis sem var unnið í samstarfi leikskóla, fyrirtækja og verslana í bænum Reggio Emilia á Norður-Ítalíu, samstarf sem endaði með sýningu í miðbænum þeirra, „auðvitað getum við hér á Akureyri gert þetta líka“.

Hugmyndinni var komið á blað og kynnt leikskólastjórum á Akureyri, sem tóku almennt vel í hana. Boltinn var nú hjá leikskólunum um það hvort og þá hvernig hugmyndinni yrði hrint í framkvæmd. Það voru tíu leikskólar ásamt Skóladeild Akureyrar og Skólaþróunarsviði Háskólans, sem ákváðu í nóvember 2003, að taka höndum saman um að vinna að vetrarlöngu verkefni sem hlaut heitið „Bær í barnsaugum“.

Hugmyndin fól það m.a. í sér að reyna að vekja athygli barna og kennara á umhverfi sínu, um leið og þeim gafst tækifæri til að virkja tungumálin sín hundrað. Verkefnið var tækifæri til að tengja saman leikskóla og samfélag, í *Aðalnámskrá leikskóla* segir, „leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.“[1]

[1] *Aðalnámskrá leikskóla.* 1999:27

Bær í barnsaugum

Aðalnámskrá leikskóla kveður á um að í leikskólanum beri að efla tilfinningu barnsins fyrir því að það tilheyri og sé hluti af því samfélagi sem það býr í.[2] Samfélag er eins og keðja þar sem hver hlekkur skiptir máli og allt tengist innbyrðis, það sem fram fer innan leikskólans hefur áhrif á allt samfélagið. Samfélag er byggt upp af mörgum þáttum og einstaklingum sem hver hefur áhrif á annan og tilheyra hver örðum. Hlutverk leikskólanna er m.a. að mennta þegna samfélagsins, ekki þegna eins bæjarfélags eða einnar þjóðar, heldur heimsborgara, þ.e. þegna sem eru meðvitaðir um rætur sínar en eru ekki bundnir í átthagafjötra.[3] Einstaklingur, hvort sem það er barn eða fullorðinn, getur og á að hafa áhrif á umhverfi sitt og samfélag með skoðunum sínum og gerðum,[4] það er m.a. leikskólans að skapa aðstæður til þess að svo megi verða, t.d. með því að velta fyrir sér hvernig samfélag við viljum.

Við hugsum svolítið mikið með höfðinu og það kemur líka sköpun úr líkamanum eins og hjartanu.

Já, en mest úr heilanum, eitthvað sem við vitum eða sjáum og þá vitum við hvað er hægt að gera eða föndra. Heilanum dettur það í hug af því maður er að leika sér að föndra eða eitthvað.

Með skráningum á leik og starfi barnanna lærist hinum fullorðna að hlusta og sjá, hvað og hvernig barnið hugsar og framkvæmir, hvernig það nálgast viðfangsefni sitt og leitar sér þekkingar[5]. Barnið getur opnað augu hins fullorðna fyrir umhverfi sínu á nýjan hátt, því það kemur oft auga á aðra hluti en hinn fullorðni. Verkefni sem þetta er leið til að tengja saman leikskóla og samfélag ásamt því að mennta börn og fullorðna í að vera meðvituð um rætur sínar um leið og horft er fram á veginn.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins voru meðal annars;

- Að vekja athygli barna og kennara á umhverfi sínu.
- Að vekja athygli barna og kennara á hvað fer fram í bænum þeirra.
- Að vekja athygli samfélagsins á hæfileikum og færni leikskólabarna.
- Að auka samkennd bæjarbúa allra.
- Að vekja athygli annarra á því sem er að gerast í bænunum okkar.

Bæjarstjórinn heimsóttur

[2] *Aðalnámskrá leikskóla.*1999:27
[3] Rinaldi. 2001:28
[4] Korczak. (1988)1998:49
[5] Filippini og Giudici. 2001:10

Vea Vecchi, ítalskur kennari hefur sagt[6] að það væri mikilvægt fyrir leikskólakennara að vera virkir þátttakendur í því samfélagi sem þeir búa í. Það skipti máli fyrir þróun leikskólastarfsins að fá fleiri en eitt sjónarhorn inn í leikskólann. Leikskólinn ætti að tengjast samfélaginu með því að fá sérfræðinga á hinum ýmsu sviðum, t.d. listum, til að koma með þekkingu sína inn í leikskólann á einn eða annan hátt. Vea álítur að það sé mikilvægt að sækja sér þekkingu sem víðast, annars verði kennarinn lítill og börnin ennþá minni. Leikskóli sem vill þróast áfram á að koma starfi sínu á framfæri, það er einmitt sú sýn sem höfð var að leiðarljósi við framkvæmd verkefnisins „Bær í barnsaugum“.

Áhersla verkefnisins var á bæinn Akureyri, einkenni hans, fólkið sem byggir hann, verslanir og fyrirtæki. Gagna og upplýsinga var aflað í vettvangsferðum í fyrirtæki, verslanir eða stofnanir bæjarins, þar sem spurt var m.a. hvað fram færi í þessari stofnun?, hvaða þýðingu hún hefði fyrir bæjarfélagið? fyrir einstaklinginn?

Kennararnir gerðu skráningar í ferðunum, með því að taka myndir og hljóðrita eða að skrá niður á annan hátt umræður barnanna, hvað þau upplifðu og sáu. Með því að spyrja opinna spurninga eins og „hverjir búa hér í þessum bæ“? „Hvað er það sem fer hér fram?“ „Hvað er forvitnilegt?“ „Hvað vekur áhuga barnanna?“ „Hver er túlkun barnanna á því sem þarna fer fram?“ fær hinn fullorðni nýja sýn á samfélagið, sýn barnsins.

Verkefninu „Bær í barnsaugum“ lauk formlega, með sameiginlegri listsýningu föstudaginn 28. maí 2004 í og við miðbæ Akureyrar. Sótt var um leyfi til sýslumannsins á Akureyri til að hafa sýningar á eftirtöldum stöðum; í kirkjutröppunum fyrir framan Akureyrarkirkju, í búðargluggum og á gangstéttum í Hafnarstræti, Listagili og á Ráðhústorgi[7].

Hugmyndin að sameiginlegri sýningu í miðbænum var að gera vinnu barnanna sýnilega fyrir almenning. Að láta raddir barnanna heyrast og að gera sýnilegt hversu hæfileikarík og getumikil börn eru. Það var lögð áhersla á það frá upphafi að kennararnir skráðu bæði í myndum og máli, ferli vinnu barnanna við verkefnið og gerðu hana þannig sýnilega. Í námi og þekkingarleit er það ávalt ferlið sem skiptir megin máli, en það er hins

> Hvert fer snjórinn á vorin?
> *„Snjórinn svífur upp í skýin, þá stækka skýin svo kemur sólin og þá breytast skýin í snjó og þá kemur veturinn“, Ingólfur, 4,11 ára*

[6] Vecchi. 2003
[7] Sjá fylgiskjal 4

vegar oft þannig að það er útkoman sem er metin, því var valin sú leið að sýna bæði ferlið og útkomuna saman.

Hjá Birni sýslumanni

Það þarf að hafa leyfi frá sýslumanni fyrir listsýningu á götum úti. Börn af leikskólanum Klöppum tóku að sér að heimsækja sýslumanninn og bæjarstjórann til að sækja um tilskilin leyfi[8] fyrir listsýningu í miðbænum, ásamt því að óskað var eftir að Listagilinu og Hafnarstræti yrði lokað fyrir umferð frá og með kl. 11 sýningardaginn, á meðan á opnunarhátíð stæði og mörg börn væru í miðbænum. Það var ánægjulegt að sjá hversu mikla virðingu bæði sýslumaðurinn og bæjarstjórinn sýndu börnunum og tóku vel á móti þeim.

Sýslumaður hafði látið útbúa skjal fyrir hvern leikskóla, þar sem kom fram að börnum og starfsfólki viðkomandi leikskóla væri heimilt að sýna í miðbænum þennan tiltekna dag. Einnig var bæjarstjórinn heimsóttur og honum boðið að taka þátt í opnunarhátíðinni, hans hlutverk var að opna sýninguna ásamt tíu börnum.

Það var sama hvert leitað var vegna verkefnisins, alstaðar var tekið vel í hugmyndina og fyrirtæki, verslanir og stofnanir voru mjög jákvæð í garð þess. Sem dæmi má nefna að

Nýja bíó bauð öllum leikskólabörnum í bíó, veitingahúsið Bautinn var með sérstakan barnamatseðil vikuna 24.-28.maí, fjölmiðlar sýndu verkefninu áhuga og tóku m.a viðtöl við börn og kennara og sýndu frá verkefnum sem unnið var að.

Sent var kynningarbréf[9] til flestra fyrirtækja, verslana og stofnanna í og við miðbæinn, þar sem óskað var eftir samstarfi. Samstarfið gat m.a. falið í sér að fyrirtæki og stofnanir beindu sjónum sínum að barnamenningu vikunna 24.- 28. maí.

Til að lengja lífdaga sýningarinnar bauð Samkaup – Nettó að henni yrði framhaldið á Glerártorgi í júnímánuði. Framkvæmd þeirrar sýningar var á þá leið að þrír leikskólar sýndu í einu, viku í senn. Með þessu fyrirkomulagi fengu fleiri að njóta þessa frábæra framlags barnanna til lista og menningarlífs á Akureyri.

Auk þess tengdist framlag eins leikskólans listasumri á tvennan hátt, annars vegar með þátttöku í Jónsmessu uppákomu og hins vegar í álfaviku.

[8] Sjá fylgiskjal 1
[9] Sjá fylgiskjal 2

Fólkið sem býr í bænum

Í leikskólanum Lundarseli tóku öll, 90 börn leikskólans ásamt kennurum þátt í verkefninu. Á hverri deild voru nokkrir hópar sem skiptu með sér verkum. Börnin unnu ýmist saman eða einstaklingslega allt eftir því hvað verið var að vinna að.

Í leikskólanum Lundarseli var ákveðið skoða fólkið sem býr á Akureyri. Byrjað var á að spjalla við börnin um mismunandi hópa[10] sem búa í bænum. Hvaða hópa sjá börnin? Gamla, unga... sjá þau smiði, kennara, búðarfólk, kokka, lækna, listamenn... Eins og þessar tilvitnanir sýna þá voru börnin yfirleitt með það á hreinu hvað hver hópur gerði, *„smiðir smíða svo fólk eigi hlý hús“, „kokkar elda í eldhúsum svo fólkið geti pantað sér mat“.* En hvað gera listamenn á Akureyri? Hvað er listamaður? Hvað gera þeir fyrir Akureyri? *„Þeir gera fallegt í kring, inni í húsin okkar og svoleiðis, og svo gera þeir svona gott fyrir hugann“* sagði fimm ára stúlka. Ákveðið var að rannsaka þennan hóp Akureyringa aðeins betur, kynnast honum og læra af honum. Þar sem hugtakið listamaður er mjög vítt, var ákveðið að beina sjónum að myndlistinni. Grunnhugmyndina má rekja til þess þegar barnahópurinn á Lundarseli fór í heimsókn í Listasafnið og skoðaði verk eftir mann sem málaði meðan hann hlustaði á tónlist, þá hvíslaði ein lítil; *„Hvað erum við þá listamenn*?(undrun skein úr andliti hennar*) „við málum oft líka við tónlist“.* Vissulega hefði mátt taka inn í tónlistarmenn líka, en það verður að bíða betri tíma.

Deildir leikskólans skiptast niður í nokkra hópa eftir aldri barnanna, hver hópur nálgaðist viðfangsefnið á sinn hátt. Grunnspurningarnar voru allar þær sömu; hvað vekur áhuga barnanna? Hver er túlkun barnanna á því sem fyrir augu og eyru ber? Ekki var ætlunin að börnin endursköpuðu það sem þau sáu, heldur að þau prófuðu sig áfram með efnivið, innblásin af upplifunum úr heimsóknum til listamanna og eftir að hafa skoðað listaverkin sem prýða bæinn. Allir hópar bjuggu til sín listaverk og var ferlið í öllum tilfellum

Ímyndunin kemur líka úr heilanum og það er eitthvað sem okkur þykir flott.

Við sköpum og sköpum stundum af því okkur dettur svo margt í hug. Þegar við sjáum til dæmis efnið eða litina.

[10] Sjá fylgiskjal 3

skráð myndrænt með því að taka ljósmyndir af því, börnin voru hvött til að hugsa upphátt og ræða sín á milli um hugmyndir sínar, umræðurnar voru hljóðritaðar.

Meginspurningin sem leitast var við að finna svör við var; „hvað fást listamenn við?“ Hugmyndin var að kynna fyrir börnunum margskonar listform og margvíslegan efnivið. Farið var í heimsóknir á vinnustofur listamanna ásamt því að fá listamenn í heimsókn í leikskólann, einnig var farið á sýningar bæði í Listasafninu og í Galleríum bæjarins. Þegar í leikskólann var komið tjáðu börnin sig um upplifanir sínar, bæði í myndum og máli.

Erum við listamenna að skapa?
Já, auðvitað alveg eins og þeir sem eru með sýningar.
Já, við erum með sýningu, ha,ha.

Listmálarinn

Þegar farið var að ræða um listamenn í leikskólanum kom fljótt í ljós að listmálarar komu fyrstir upp í huga barnanna. Börnin vildu hitta listamann sem stóð og málaði myndir við trönur, á striga, í fötum með málningarslettum á.

Ákveðið var að leita til bæjarlistamanns Akureyrar, Jónasar Viðars sem tók mjög vel í að vinna með börnunum. Þegar Jónas Viðar kom í Lundarsel var búið að koma fyrir stórum blindramma með striga inn í litlum sal, þar tók Jónas á móti börnum af öllum deildum leikskólans og málaði með þeim sameiginlegt listaverk.

Listamaðurinn lagði línurnar og stjórnaði verkinu. Útkoman varð falleg landslagsmynd með fjöllum, himni, fuglum, kindum, trjám og blómum. En það sem mestu máli skipti var að börnin fengu að upplifa hvernig listmálari ber sig að við að skapa.

Maður skapar í gegnum höfuðið. Maður á ekki að segja hvað maður ætlar endilega að gera, heldur hugsa það inn í sínum líkama og þegar maður er tilbúin þá sköpum við það sjálf.
Já, gerum það á okkar hátt.

Allar heimsins konur

Öll börnin heimsóttu Listasafn Akureyrar og skoðuðu sýningu sem nefnist „Allar heimsins konur“. Á sýningunni gat að líta verk 176 kvenna allstaðar að úr heiminum. Öll verkin voru jafnstór en unnin út frá fjölbreytileika og lífsreynslu hverrar listakonu. Sú hugmyndafræði var nýtt þegar farið var að vinna úr ferðinni á sýninguna, þ.e. öll börnin fengu jafnstóra ferkantaða tréplatta sem hvert og eitt skapaði sitt eigið listaverk á. Í boði var mjög fjölbreyttur efniviður og börnin unnu verk í anda sýningarinnar út frá eigin lífsreynslu og fjölbreytileika. *„Maður ræður sjálfur hvað maður gerir, eins og til dæmis ef þú átt skeljar þá má nota þær eins og maður vill“.*

Listamenn búa oft til allskonar myndir og kirkjur og svoleiðis sem þeir sköpuðu sjálfir þó einhver hafi sagt þeim hvað þeir áttu að gera.

Vinnustofur listamanna

Vinnustofur fjögurra listkvenna í Gallerí Svartfugli voru heimsóttar. Listakonurnar tóku á móti börnunum og sýndu þeim hvern krók og kima, ásamt því að hver og ein fór með þeim í gegnum sitt vinnulag. Börnin voru mjög áhugasöm og spurðu margs, t.d. *„en segðu mér þarf maður að læra, þú veist í skóla að vera svona listamaður?“*

Ein af listakonunum kom síðar í heimsókn í leikskólann og kenndi börnunum að þæfa ull. *„Hún Anna er langbest, kennir okkur að útbúa sönn listaverk með því að nudda og sulla.“*

Eftir þá heimsókn unnu börnin margvísleg verk úr þæfðri ull, svo sem dýr af ýmsum stærðargráðum.

Á meðan að börnin voru að þæfa ullina var spjallað um heima

og geima, m.a. ræddu börnin um hvaðan sköpunin kemur.

Það eru til margar leiðir til að skapa listaverk, t.d. að skera form út úr einangrunarplasti og leggja þæfða ull yfir línurnar eftir kúnstarinnar reglum.

Ljósmyndir

Nokkur börn fædd 1999 ákváðu í samráði við kennarann sinn að kynna sér verk ljósmyndara. Hópurinn fór í heimsókn til Finnboga í Dagsljósi og fékk að fylgjast með honum að störfum

og skoða ýmis verk eftir hann. Börnin veltu fyrir sér hvar við sjáum myndir og hvers vegna við tökum myndir. Einnig kynntu þau sér myndir annarra ljósmyndara í bókum og á veraldarvefnum. Því næst fór hópurinn í gönguferð og myndaði nánasta umhverfi sitt. Í framhaldi af því ákváðu þau að mynda eitthvað sem þeim fannst einkenna bæinn þeirra Akureyri. Ýmsar hugmyndir um myndefni urðu til, börnin fengu einnota myndavélar sem þau lögðu af stað með til að mynda hugmyndir sínar, um hvað einkenndi bæinn. Í ferðum þeirra um bæinn kviknuðu nýjar hugmyndir um hvað einkenndi bæinn, hugmyndir sem þeim fannst stundum betri kostur. Við sjáum nefnilega ekki öll það sama eða á sama hátt.

Sköpunin kemur úr líkamanum og þá vitum við meira. En stundum gleymum við að hugsa og þá verður samt eitthvað til sem maður fattar svo seint hvað er.

Listaverk geta verið allskonar

Munið þið þegar við fórum að heimsækja Aðalheiði?
Já... Skoða dýrin
Hvaða dýr?
...sem hún búði til
... og líka hreindýrin
Hvað fannst þér skemmtilegast?
Mér fannst skemmtilegast að smíða.
Mér fannst skemmtilegast að sjá hreindýr og smíða eitthvað.
Mér fannst skemmtilegast að skoða og smíða og skoða myndirnar.

Það var upplifun að heimsækja myndlistakonuna Aðalheiði. Hún sýndi börnunum að það þarf ekki alltaf dýran efnivið til að geta skapa glæsileg listaverk. Hennar sköpun felst í að búa til menn og málleysingja úr timbri af öllum stærðum og gerðum. Auk þess öðlast margir nytjahlutir aftur tilgang í verkum hennar. Börnin skemmtu sér vel við að skapa hin ýmsu listaverk úr efniviðnum sem leyndist víða á vinnustofu Aðalheiðar.

Tilfinningar eins og þú veist eins og reiður eða dapur er stundum líka málað eins og svört eða gul mynd. Þá er maður kannski ekki að skapa með heilanum heldur er maður bara að gera eða lita það sem maður finnur... þú veist skapið

Leirlist

Þegar barnahópurinn var á leið til Margrétar leirlistarkonu hittu þau hvítan kött sem fylgdi þeim eftir og varð síðar kveikjan að leirlistarverkinu sem börnin unnu í samstarfi við listakonuna.

Börnin fengu að kynnast leyndarmálum leirlistarinnar og prófa sig áfram.

Auk þess að vinna í leir býr Margrét til mósaikverk af ýmsum stærðum. Þegar heim í leikskóla var komið unnu börnin saman að mósaikmynd í anda Margrétar leirlistarkonu. Ferlið við vinnslu myndarinnar var skráð niður á myndrænan hátt. Þannig var fylgst með börnunum allan tímann sem verkefnið stóð yfir, allt var skráð, það var síðan hengt upp við hlið listaverkanna á sýningunni.

Það var áberandi hvað börnin voru dugleg við að gera tilraunir með efnivið, áferð og að blanda saman ólíkum efnum. Heimsóknirnar og umræðan opnaði augu barna og fullorðinna fyrir því hvað listamenn eru að fást við og að það þarf ekki alltaf dýran efnivið til að skapa listaverk.

ATHUGIÐ

ELDRI BORGARAR OG LEIKSKÓLABÖRN STANDA FYRIR SAMEIGINLEGRI SKEMMTUN
15. APRÍL KLUKKAN 14:00 Í SALNUM, VÍÐILUNDI.

Þann 15. apríl næstkomandi munu eldri borgarar í þjónustuveri Víðilundar og leikskólabörn á Kisudeild í Lundarseli standa að sameiginlegri skemmtun. Þessi skemmtun er hluti af samstarfsverkefni yngri og eldri borgara á Akureyri, þar sem unnið er af því að þessir tveir hópar kynnist betur og vinni meira saman – njóti hvers annars.

Dagskrá:

- Tískusýning frá kvenfataversluninni AnnEy, herradeild JMJ og barnafataversluninni Do-re-mí
- Samsöngur eldri og yngri borgara
- Upplestur fyrir börnin
- Danssýning fyrir eldri borgara
- Nokkrir snúningar teknir
- Kaffi og spjall

Allir velkomnir

Kaffi og rjómapönnukökur seldar á staðnum

Samstarf eldri og yngri borgara

Einn hópurinn sem börnin kynntust í leit sinni að listamönnum voru eldri borgarar Akureyrar, en þau kynni hafa undið upp á sig og eru komin til að vera.

Einn af þeim hugmyndum sem var til í umræðum barnanna var að fara í samstarf með eldri borgurum Akureyrar. Börnin heimsóttu þjónustumiðstöð aldraðra og elliheimilið og tóku þátt í leik og starfi með eldri borgurum. Eldri borgarar guldu heimsóknina með að koma í leikskólann og dvelja þar dagpart við leik og störf. Sumir voru að koma í fyrsta skipti inn í leikskóla.

Eldri borgarar og börnin í Lundarseli stóðu fyrir sameiginlegri skemmtun í apríl. Þar sem m.a var boðið upp á tískusýningu, söng, ljóðalestur og dans.

Leikskólinn minn

Á Pálmholti eru 59 börn og voru þau öll ásamt kennurum, þátttakendur í verkefninu. Farnar voru ólíkar leiðir við að nálgast verkefnið, hver hópur á sínum forsendum.

Þrjátíu og sex börn, fædd 1998 – 1999, ásamt sjö kennurum, tóku þátt í að vinna veggteppið „leikskólinn minn“.

Til að finna út hvað það væri sem hópinn langaði að gera var haldinn barnafundur. Niðurstaða fundarins varð að vinna risastóra mynd af leikskólanum og umhverfi hans. Þegar búið var að gera himinn, fjöll og láglendi, var boðað til fundar þar sem ákveðið var hvað fleira ætti að vera á myndinni. Eftirfarandi tillögur urðu ofan á; tré, sól, blóm, ský, blár snjór, tröll, tungl, krakkar að leik, Pálmholt og Skíðahótelið.

Börnin rannsökuðu nánasta umhverfi sitt og fóru ófáar ferðirnar út í garð til að rannsaka og skoða. Það var vetur þegar verkið fór í gang og snjór yfir öllu, það kemur fram á myndinni. Aðeins sáust einstök fagurbleik vetrarblóm stinga upp kollinum, ásamt grenitrjánum í garðinum. Börnin skiptu sér í hópa sem tóku að sér að fylla inn í myndina. *„Eru tröll í fjöllunum?“* spyr kennarinn. *„Já, já“* svara börnin. Nokkur börn tóku að sér að búa til tröllin í fjöllin. *„Ætlarðu ekki að mála munninn að innan?“* spyr kennarinn. *„Ég veit ekki hvernig munnur á tröllum er að innan“* svarar barnið. *„Þú mátt skoða minn“* segir kennarinn. Til að tryggja gott veður var ákveðið að búa til tvær sólir og tunglið fékk sitt pláss.



Eftir að hafa lagst í grasið og skoðað margbreytileika skýjanna, var ákveðið að hafa himinn heiðan, enda vorið á næsta leiti. Að lokum var leikskólinn settur inn á myndina. Þegar kom að því að finna myndinni sýningarstað var tekið mál af henni og haldið með strætisvagni ofan í bæ í leit að hentugum glugga eða öðrum góðum stað til að sýna á.

PÁLMHOLTI 28. MAI 2004

KÆRU AKUREYRINGAR!

ÞAÐ MÁ EKKI HENDA

RUSLI Á GÖTUNA. RUSLIÐ ÁÐUR

FARA Í RUSLAKASSANA

INGUNN MAGNEA

AGNES BRYNJA SIGÖPR

SÓLON

KATLA FRIMANN KOLFINNA

ÞÓRLA INGIBJÖRG NÍNA BJÖRK

ES ÞAÐ ER EKKI HELDUR
FALLEGT AÐ SKRIFA
Á HÚSIN

Húsið mitt

Börnin sem unnu verkefnið „húsið mitt“ eru fædd árið 1999. Sjö börn ásamt kennara veltu

fyrir sér hvernig húsin sem þau búa í líta út og hvar þau eru staðsett í bænum, einnig tóku þau myndir af húsunum. Því

næst voru húsin endursköpuð úr pappakössum, reynt var að fylgja mjög nákvæmlega lit og lögun. Hvert barn setti að lokum mynd af sér við hliðina á útidyrum síns húss.

Vefstafir

Það voru þrettán börn, fædd árið 2000, ásamt fjórum kennurum sem ákváðu að gera stóran vef þar sem fléttað væri inn í stöfunum þeirra. Stafir eru mikið notaðir í leik og starfi barnanna í Pálmholti, því lá beint við að nota þá sem uppistöðu í vefinn. Þar sem stafir spila einnig stórt hlutverk í bókabúðum átti vel við að sýna verkið í gluggum bókaverslunarinnar Penninn/Bókval.

Fjölskyldan okkar

Nítján börn fædd 2000, ásamt kennurunum sínum, ákváðu að hafa fjölskylduna sem útgangspunkt í sínu verkefni, ásamt því að gera „viskutré“. Ákveðið var að nota eingöngu endurnýtanlegan efnivið í verkið. Í þeim tilgangi að finna efnivið til að vinna úr var farið í strætisvagni niður á Eyri þar sem hópurinn hitti mennina á verkstæði Véla- og stálsmiðjunar. Þar fengu börnin að velja efnivið úr járnarusli, þau fundu t.d. efnið sem var notað til að búa til „viskutréð“. Starfsmenn verslunarinnar Byko gáfu vír í grindurnar sem var uppistaðan í „fólkinu“.

Eftir að hafa gengið um bæinn í leit að góðum sýningarstöðum, komust börnin á Pálmholti að því að það væri frekar illa gengið um bæinn okkar og þótti ástæða til að minna Akureyringa á að ganga vel um bæinn sinn, af því tilefni bjuggu þau til veggspjald.

Fiskabúrið

Í leikskólanum Klöppum eru 36 börn, þau tóku öll, ásamt kennurum sínum, þátt í verkefninu, hver á sínum forsendum. Unnið var í stórum og smáum hópum, stundum saman og stundum einstaklingslega.

Verkefnið sem fékk nafnið **Fiskabúrið,** hófst á því að allur hópurinn settist niður og velti fyrir sér hvað væri að finna í bænum, með miðbæinn sem útgangspunkt. Þar sem leikskólinn er staðsettur í jaðri miðbæjarins var það vel við hæfi. Barnahópurinn er stór og á misjöfnum aldri og því komu fram ótal hugmyndir. Á þessum fyrsta fundi náðist ekki niðurstaða um hvað taka skildi fyrir. Ákveðið var að setja það í hendur elstu barnanna að finna stað sem ætti að vinna út frá. Börnin veltu málinu fyrir sér fram og til baka og á endanum var komist að niðurstöðu um að skoða Veitingahúsið Bautann. Í framhaldi af þeirri umræðu spannst umræðan um fiskabúrið, en eitt barnið hafi nýverið heimsótt Bautann og orðið heillað af fiskabúrinu sem þar var inni. Þetta kom kennurunum á óvart því enginn þeirra mundi eftir að það væri fiskabúr þarna inni.

Haldið var í rannsóknarferð, eina af mörgum, til að skoða húsið og fiskabúrið, farið var með börnin í tveimur hópum í heimsókn á Bautann. Bautamenn tóku vel á móti börnunum og leyfðu þeim að ganga um, skoða og rannsaka fiskana, fiskabúrið og gróðurinn í fiskabúrinu. Eftir að hafa gætt sér á frönskum og djúsi í boði Bautamanna var haldið heim í leikskóla og unnið úr hugmyndum allra.

Fljótlega kom upp sú hugmynd að nota glerviðbyggingu Bautans sem fiskabúr, þ.e. að búa til fiska og hengja inn í glerbygginguna.

Besta efniviðinn í innihald fiskabúrs finnur maður í fjörunni og í sjónum og því var haldið í efnistökuferðir þangað.

Börnin unnu í mismunandi hópum og skiptu með sér verkum. Mikil samvinna var í gangi, enginn einn átti eitthvað ákveðið, heldur var verkið í heild verk allra barnanna í leikskólanum.

Börnin voru allan tímann mjög áhugasöm og unnu vel saman. Þegar fiskarnir og aðrar sjávarverur voru tilbúnir var glerviðbyggingu Bautans breytt í risastórt fiskabúr.



Álfar

Í leikskólanum Holtakoti voru öll börnin35 og allir kennarar þátttakendur. Fljótlega eftir að hugmyndin að verkefninu „Bær í barnsaugum“ kviknaði fór starfsfólk Holtakots að velta nálguninni fyrir sér, eftir töluverðar vangaveltur var ákveðið að velta fyrir sér tilveru álfa. Vegna þess hve umhverfi leikskólans er klettótt og skemmtilegt, gæti hugsanlega leynst þar álfabyggð. Það var síðan í höndum hvers hóps að útfæra verkefnið.



Bátar

Það voru 6 börn fædd 1999 ásamt kennaranum sínum sem bjuggu til álfabáta. Elvar Hólm, 5ára, kom með þá hugmynd að hópurinn byggi sér til kíkir og því næst yrði lagt af stað niður í Bótina og á Hafnarsvæðið í leit að álfum.

Börnin fundu steina og flotholt og tóku með sér ásamt ýmsu öðru sem á vegi þeirra varð en ekki fundust þó álfar í þessari ferð. Heilmiklar umræður urðu þó um álfa og tilvist þeirra. Elvar Hólm bent á að álfar þyrftu að veiða í matinn, í framhaldi af því varð hugmyndin um bátana til. Börnin fengu aðstoð við að saga bátana út og að negla það sem þurfti en annað er þeirra verk. Hafið var málað með höndunum og sandur og skeljar límdar á seinna.

Álfabyggð

Þátttakendur voru sex börn fædd 1999 og 2000 og einn kennari. Verkefnið hófst á umræðum um hvort álfar væru til og ef þeir væru til hvar þeir byggju. Börnin teiknuðu álfa og álfaheimili um leið og þau veltu fyrir sér hvernig álfar litu út.

Í þeim tilgangi að kveikja hugmyndir var lesin bókin um Dísu ljósálf. Börnin urðu svo upptekin af því sem kom fyrir Dísu, að allt annað gleymdist. Þó börnin sýndu lítið frumkvæði, voru þau full af áhuga og unnu vel úr því sem lagt var fyrir þau.

Í þeim tilgangi að finna álfabyggð var farið í nokkrar gönguferðir um nágrenni leikskólans, þar sem mikið er um kletta. Það urðu umræður og vangaveltur um hvort þar byggju álfar og hvað þeir væru að gera. Í einni af þessum ferðum ákváðu börnin að búa til sína eigin álfabyggð.

Börnin tíndu steina og fóru með þá á leikskólann, steinarnir voru málaðar í öllum regnbogans litum. Nú vantaði bara álfa í byggðina. Börn og kennari hjálpuðust að við að teikna og klippa út álfa sem börnin lituðu. Börnin gáfu álfunum sínum nöfn, en erfiðlega gekk að finna nafn á þorpið þeirra. Eftir nokkrar umræður sammæltust börnin um að kalla það Draumalandið. Næst voru búin til föt og snúrur sem var strengd á milli húsanna og fötin hengd á, þannig áttu álfarnir föt til skiptanna.

Allan tímann meðan á verkefninu stóð, var eftirtektarvert hvað það var margt sem börnin tengdu við álfa. Ef þau fundu eitthvað úti t.d. brot af einhverju, spotta, eða stein þá var það örugglega eitthvað sem álfarnir áttu.



Álfaspor

Hópurinn saman stendur af sex börnum á aldrinum, 2,8 ára til 3,1 árs ásamt kennaranum sínum. Börnin virtust ekki gera sér mikla grein í upphafi fyrir hvað álfar væru, en smá saman voru þau farin að tala um álfa þetta og álfa hitt, að hluta til vegna umræðu eldri barnanna um álfa og að hluta til vegna umræðunnar sem hópstjórinn leiddi meðal þeirra. Börnin notuðu eigin fætur til að búa til spor sem þau kölluðu álfaspor. Þessu næst var búið til álfahús, þá voru það börnin sem ákváðu hvað og hvernig og stjórnuðu ferðinni. Börnin höfðu ákveðnar hugmyndir um útlit og fengu eina af eldri stelpunum í leikskólanum til að hjálpa til við að mála gluggana eftir þeirra tilsögn. Húsinu var komið fyrir neðst í brekkunni í Skátagili og spor barnanna látin liggja að því.

Ég trúi ekki á álfa.
Ég trúi ekki á álfasögur.
Álfar eru með tvær tennur út, sem eru stærri en hinar tennurnar í munninum á þeim.
Álfar eru með eyru sem eru aftur á bak á þeim.

Já, álfar eru sko til. Það var einn álfur sem tók tönnina mína. Það var tannálfur.
Það eru ekki bara til tannálfar, það eru líka til húsálfar og svartálfar.
Þeir eru með risastór eyru.
Eyru sem eru svona upp.
Eyru eins og tröll eða hvað?

Eru álfar til?



Í Indíánahópnum voru ellefu börn öll fædd árið 1998 og einn leikskólakennari. Lagt var upp með nokkrar opnar spurningar á fyrsta fundi hópsins til að kanna þekkingu barnanna á viðfangsefninu, t.d. „Eru til álfar?“ „Hvar eiga álfar heima?“ „Hvað gera álfar?“ Það kom í ljós að öll börnin höfðu eitthvað til málanna að leggja um álfa og það sem meira var, þau voru mjög áhugasöm um verkefnið. *„Já, álfar eru sko til. Það var einn álfur sem tók tönnina mína. Það var tannálfur“* sagði Alexander Freyr, 5,5 ára.

Gerðar voru skráningar frá fyrsta hópastarfstíma, þar sem kennarinn lagði spurningar fyrir börnin og svör þeirra voru notuð til að spinna áfram. Þar kom ýmislegt skemmtilegt í ljós, meðal annars fóru börnin að velta því fyrir sér hvar og hvernig álfar byggju. Ákveðið var að eyða næsta hópastarfstíma í að fara út og leita að álfum. Börnin voru viss um að þau þyrftu stækkunargler því annars myndum þau ekki sjá álfana. Börnin töldu sig hafa fundið ýmsar vísbendingar um tilvist álfa t.d. fundu þau hár af álfi.

Börnin ákváðu að gaman væri að gera stóran álfastein, sem seinna var nefndur Álfalind 10D. Í kjölfarið fylgdu fleiri skemmtilegar hugmyndir eins og að þau sjálf myndu í þykjustunni eiga heima í steininum. Þau völdu sér álfanafn, t.d. var Gauti Snær stríðsálfur með sverð og Elísabet Hulda var snæálfur. Börnin sömdu heilt ævintýri um álfana í Álfalind 10D.

Álfar eiga heima í steini.

Líka í fjöllunum eða á bak við fjöllin.

Sko ef þú sérð steina með mörgum litlum götum í þá eru það álfasteinar. Kannski er hægt að finna þá.

Eigum við að reyna að finna svoleiðis steina?



Sjáðu ég er með álfatönn

Tvö ævintýri um álfana í Álfalind 10 D

Einu sinni fyrir langa-langa-löngu bjuggu 11 álfar í steini með götum sem hét Álfalind 10D og stóð við hliðina á steinblokk. Þessir álfar hétu Ásta dökkálfur, Kristófer jólaálfur, Margrét snæálfur, Níels tannálfur, Róbert tannálfur, Haukur húsálfur, Jakob svartálfur, Egill snæálfur, Elísabet snæálfur og Gauti stríðsálfur.

Þessir álfar voru allir vinir og voru líka vinir allra dýranna. Þeir pössuðu skógarþröst og alla fuglana fyrir úlfunum og refunum og krummunum og skógarkisunni sem finnst rosalega gott að éta alla fuglana og álfana líka. Álfarnir áttu kýr sem mjólkaði handa þeim mjólk og rjóma. Hún hét Búkolla Múkolla Súkolla. Kýrin var með löng álfaeyru og var göldrótt og gat þess vegna flogið. Hún gaf álfunum mikla mjólk sem gerði þá göldrótta og stundum ósýnilega.

Krakkarnir sem bjuggu rétt hjá álfunum léku sér stundum með bolta sem þau voru að reyna að hitta í körfu. Álfarnir léku stundum við krakkana þó þau sæju þá aldrei þar sem þeir voru alltaf ósýnilegir.

Einu sinni týndist einn krakkinn og álfarnir uppgötvuðu að ein ristastór rotta hefði stolið krakkanum og farið með hana í höllina sína. Þeir fóru þangað og sáu að krakkinn lá sofandi. Allir álfarnir kysstu krakkann sem vaknaði. Vinkona álfanna, Lóan, hjálpaði þeim síðan að skila krakkanum aftur heim til sín.

Einu sinni stal einn páfagaukur honum Gauta stríðsálfi. Páfagaukurinn ætlaði að elda hann í matinn en Gauti stríðsálfur átti sverð sem hann hefur alltaf með sér slapp frá honum af því að hann stakk hann í magann. Hann komst heim til sín og allir hinir álfarnir í Álfalind 10 D urðu mjög glaðir því þeir voru að fara að keppa í fótboltakeppni bráðum. Allir álfarnir voru KA menn. Þeir áttu að keppa við Manchester United og sem betur fór unnu álfarnir því þeir skoruðu 30 mörk en Manchester United aðeins 1 mark. Allir voru svo glaðir og héldu veislu heima í Álfalind 10 D.

Eru álfar kannski menn?

Í hópnum voru sex börn, öll fædd árið 2000. Börnin voru mjög spennt að byrja að vinna verkefnið, enda hafði það verið í umræðum innan leikskólans. Þau vildu líka fá að fara í

gönguferð að leita af álfum eins og indíánahópurinn. Því var byrjað á að fara og leita af álfum í nágrenni leikskólans. Börnin skemmtu sér vel og ræddu fram og til baka um hugmyndir sínar um álfa. Þegar komið var að klettunum datt Degi (4,3), í hug að banka á klettana til að gá hvort að álfarnir myndu svara, en ekkert gerðist.

Börnin tíndu nokkra steina og fórum með til baka í leikskólann. Næst þegar þau hittumst ákváðu þau að mála á steinana. Steinarnir breyttust í álfahús, álfaborð, álfastól, álfa og álfaeld. Þegar þetta var allt komið saman varð þetta hin fínasta álfabyggð.

Fram kom hugmynd að gera álfa sem að væru jafnstórir og börnin. Það fóru margir tímar í að gera þessa álfa. Hvert barn lagðist á brúnan maskínupappír og þau hjálpuðust að við að teikna útlínur hvers og eins á pappírinn, síðan var það klippt út. Hvert barn valdi liti á sinn álf, ásamt því að velja í hvernig fötum hann skildi vera. Það var sameiginleg ákvörðun barnanna að hafa alla álfana í bláum peysum og með rauðar húfur. Sumir álfarnir voru stelpur og aðrir strákar, því voru sumir í pilsi og aðrir í buxum. Þegar búið var að setja á álfanna andlit og líma á þá garnhár, voru þeir tilbúnir til að taka á móti bæjarbúum í Skátagilinu við Hafnarstræti.

Gamli tíminn

Í leikskólanum Síðuseli tóku öll börn fædd 1998 þátt í verkefninu, auk þess komu að verkefninu 5 leikskólakennarar og einn nemi.

Ákveðið var strax í upphafi að eingöngu elstu börn leikskólans tækju þátt í verkefninu, svokallaður skólahópur. Þegar byrjað var að huga að verkefninu stóð fyrir dyrum ein af mörgum vettvangsferðum vetrarins á Minjasafn Akureyrar. Í þeirri heimsókn kviknaði áhugi barnanna á gamla tímanum, í kjölfarið var ákveðið að búa til gamlan bæ. Börnin byrjuðu á að koma með gamla muni að heiman, þau veltu fyrir sér tilgangi þeirra og hvort það væru til sambærilegir hlutir í dag. Leikskólakennararnir skráðu niður umræður barnanna um gamla tímann, umræðurnar voru svo skrifaðar orðrétt upp, börnin bjuggu líka til vísur um gamla tímann. Ákveðið var að búa til steinafólk við bæinn, farið var niður í fjöru og tíndir steinar, þegar heim var komið voru steinarnir límdir saman og skreyttir.

Hvað borðaði fólkið?
Hundakjöt
Hvernig voru leikföngin?
Ég veit það ekki.
Hvernig klæddist fólkið?
Ég veit það ekki.
Hvernig ferðaðist fólkið?
Fólkið þurfti bara að labba.
Hvernig voru húsin?
Bara skjól.

Hluti af námskrá skólahópsins er að læra og fara með gamlar þulur og vísur, sem flutt eru við hin ýmsu tækifæri. Við opnun sýningarinnar fóru barnahópur Síðusels með gamlar þulur og hlaut lof fyrir hjá áheyrendum.

Hvað borðaði fólkið?
Sviðasultu, hákarl, lambakjöt og soðið brauð.
Hvernig voru leikföngin?
Gömul, kannski rólur eða rennibraut eða hringekja
Hvernig voru fötin í gamla?
Úr ullum, bændur tóku ullina af kindum og bjuggu til föt..
Hvernig ferðaðist fólkið?
Á hestbaki.
Hvernig voru húsin?
Grá, búin til úr múrsteinum

Þula
Höfundur Harpa Lind 5,2 ára

Það voru einu sinni tveir hestar
og svo var ein frú.
Svo kom allt í einu bóndakarl
og svo fóru þau í labbitúr
með hestana.
Svo fóru þau aftur heim
og fóru að sofa.
Svo var kominn dagur
og þá er þulan búin.

Byrjað var á að teikna upp útlínur gamla bóndabæjarins

Börnin unnu saman að því að saga, smíða og mála bóndabæinn.



Hvað borðaði fólkið?
Hákarl, harðfisk og slátur.
Hvernig voru leikföngin?
Litlar dúkkur.
Hvernig klæddist fólkið?
Fötin gátu verið svona pínu græn á litin og líka brún og svört.
Hvernig ferðaðist fólkið?
Þau fóru með hestana sína og fengu sér líka labbitúr.
Hvernig voru húsin?
Þau voru með grasi upp á, ég hef séð svona gamladagshús.

Þula
Höfundur Sigmar 5,9 ára

Það er hægt að spila á langspil,
spila með boga.
Afi smíðar fiðlur
og líka langspilið.
Í Minjasafninu var skemmtilegast
að sjá sverðið,
það var síðan í gamla daga.

Akureyri bærinn okkar

Á Sunnubóli tók ein deild þátt í verkefninu, það voru 13 börn fædd 1999 og 2 leikskólakennarar sem rannsökuðu bæinn sinn. Þau leituðu m.a. svara við spurningunni hvað er í bænum?

Áherslan var á að börnin kynntust umhverfi sínu og samfélagi, t.d. með því að fara í vettvangsferðir og hafa umræðustundir þar sem hlustað er eftir hverjar hugmyndir barnanna eru um samfélagið sitt. Eftir hverja vettvangsferð túlkuðu börnin í orði eða með teikningum það sem fyrir augu þeirra og eyru bar í gönguferðum um bæinn sinn.

Ákveðið var að hafa „Akureyri bærinn okkar“ sem aðal viðfangsefnið. Börnin fóru í margar vettvangsferðir og kynntust bænum sínum frá ýmsum sjónarhornum. Spurningarnar sem lagt var af stað með voru m.a. hvað er í bænum? Af hverju heitir bærinn Akureyri? Hver gaf honum nafnið?

Gestur, manst þú eftir einhverju sem við sáum?
Við sáum kirkju og löggustöðina og líka Ingólfur Árnason.

Hvað ætli sé gert á lögreglustöðinni?
Þar eru löggur og þeir taka bófa og setja þá í fangelsi.

Manstu eftir fleiru?
Nei, jú strætó hann er gulur.

Úrvinnsla úr ferðunum voru aðallega umræður, hvað börnin sáu og hvað þau upplifðu hvað var þeim minnisstæðast og svo framvegis. Bæði börn og fullorðnir tóku myndir auk þess voru allar umræður hljóðritaðar. Þegar verkefnið var um það bil hálfnað var ákveðið að fara í samstarf við Sparisjóð Norðlendinga og fékk hópurinn þar inni á sýningardaginn, einnig voru farnar þó nokkrar ferðir á Glerártorg.

Svana, hvað sáum við í ferðinni okkar?
Glerártorg, þar vinnur pabbi minn.

Hvað sáum við í bænum?
Banka, þar eru geymdir peningar og strætó.

Hvað er á Glerártorgi?
Þar eru margar búðir, og föt og dót í Dótabúðinni, svo er hægt að kaupa mjólk og brauð.

Manstu eftir einhverju fleiru?
Löggustöðin, ein löggan var í glugganum svo sáum við Helga magra styttu.

Hvað sást þú í ferðinni okkar?
Styttu af Helga magra og hann fann Ísland, nei hann fann Akureyri, hann var listamaður. Við sáum líka Glerákirkju og strætóhúsið og líka bókasafnið.

Hvað er gert á bókasafninu?
Þar eru bækur og konur og tölvur, svo sáum við Glerártorg þar er fullt hús af húsum.

Nokkrar umræður urðu um styttuna af Helga magra, m.a. veltu börnin því fyrir sér hvernig Helgi magri varð að styttu.

„Þegar sólin kom breyttist hann í stein“ sagði Anna Margrét, en Sara Rut sagði „hann var búin til“. Þá sagði Gestur „nei, þegar sólinn kom upp breyttist hann í stein eins og tröll“.

„Haldið þið að Helgi magri hafi verið tröll?“ spurði Sirrý. Sara Rut átti síðasta orðið í þessari umræðu „Nei, sagði hún „hann var maður og er löngu dáin eins og langamma mín“.

Ingólfur hvað sáum við í bænum?
Bókasafnið það er verið að laga það, það er lokað. Svo löbbuðum við fram hjá löggustöðinni og sáum löggu í löggufötum, hún var í glugganum.

Sáum við eitthvað meira?
Við sáum styttuna af Helga magra og konunni hans, ég man ekki hvað hún heitir.

Hvað gerum við í kirkjum?
Skírum börn.
Ég fer í sunnudagsskólann í kirkju á sunnudögum og við fáum jesúmyndir.
Ég var skírð í kirkju og amma var líka í kirkjunni.
Fólk giftir sig í kirkjum.
Þar er prestur sem ræður yfir kirkjunni.

Skáldið og húsið

Í leikskólanum Kiðagili, tóku allar deildar þátt á einn eða annan hátt. Börnin á yngri deildunum tveimur veltu fyrir sér sínu allra nánasta umhverfi, þ.e. leikskólanum sjálfum. Eldri deildarnar tóku fyrir skáldið Davíð Stefánsson og túlkuðu nokkur af ljóðum hans.

Leikskólinn okkar

Börnin á yngri barna deildum leikskólans veltu fyrir sér sínu nánasta umhverfi og bjuggu til líkan af leikskólanum sínum. Aðalefniviðurinn voru mjólkurfernur og ýmiss konar pappír, gifs og þekjulitir. Einnig voru farnar ferðir út í náttúruna í kring og sóttur efniviður s.s. steinar, sandur og möl. Í byrjun áttu börnin ekki gott með að sjá fyrir sér hvernig mjólkurfernur gætu orðið að húsi, en smám saman þróaðist verkið og börnin fylltust eldmóði eftir því sem húsið tók á sig mynd. Hver hópur hafði sitt hlutverk í verkinu. Til að auðvelda börnunum að sjá verkið fyrir sér voru farnar reglulegar könnunarferðir í kringum húsið og lögun þess, litum og umhverfi velt mjög vel fyrir sér.

Það sem stendur upp úr þessu verkefni er að það var skemmtilegt og skapandi. Það skapaðist skemmtileg samvinna milli barna og fullorðinna, börnin kynntust miklu af óhefðbundnu efni til að vinna með, auk þess lærðu þau um úr hverju leikskólinn er byggður og veltu fyrir sér byggingarefni, s.s. steypa og bárujárn.

Kvæðið um fuglana

Það voru 32 börn fædd 1999 og 2000, ásamt kennurum á Smára sem tók að sér að túlka og útfæra „Kvæðið um fuglana" eftir Davíð Stefánsson. Byrjað var á að fara í heimsókn í Davíðshús, þar sem börn og fullorðnir fengu kynningu á skáldinu og manninum Davíð, ásamt því að skoða húsið hátt og lágt. Margt af því sem þar var vakti mikla athygli barnanna.

Í þeim tilgangi að skilja út á hvað textinn gengi var hlustað á lagið um hörpuna og fuglanna, aftur og aftur og velti fyrir sér orðunum í textanum. Í framhaldi af því voru umræður um hvað hægt væri að gera, hvað var það sem einkenndi textann. Börnin voru ákveðin í því að gera dísina og voru með nokkuð ákveðnar hugmyndir um hvernig hún ætti að vera. Einnig nefndu þau fugla og engla en hugmyndin að hörpunni var fengin með hjálp kennaranna.

Börnin voru mjög áhugasöm og unnu markvisst að sköpuninni.

Gullna hliðið

Barnahópurinn byrjaði á að kynna sér fyrir hvað Davíð Stefánssyni væri þekktur. Því næst var farið í heimsókn í Davíðshús, þar sem allir fengu fræðslu um ævi og störf skáldsins. Það var gaman að sjá hvað börnunum fannst merkilegast og sýndist sitt hverjum þar. Reglulega var lesið og spjallað um Gullna hliðið og ljóðið um „sálina hans Jóns míns“. Umræður urðu um það sem kemur fram í ljóðinu og sögunni, eins og t.d. um það hvernig hægt er að setja sálina í poka og labba til himnaríkis.

Ákveðið var að búa til kerlinguna hans Jóns míns þar sem að hún er að kasta skjóðunni inn um Gullna hliðið. Auk þess að vera skemmtilegt skilur verkefnið eftir sig ákveðna þekkingu og kunnáttu.

Umhverfið okkar

Leikskólinn Naustatjörn er í ungu íbúðarhverfi, þar sem mikið er um byggingarframkvæmdir.Þar sem börnin voru flest fædd 2001 og 2002 og því frekar ung, var ákveðið að þau rannsökuðu sitt nánasta umhverfis.
Öll börnin og allir kennararnir voru þátttakendur.

Byrjað var á að fara í gönguferð um svæðið í kringum leikskólann, teknar myndir og velt fyrir sér hvað það er sem börnin sjá. Einnig voru umhverfishljóð tekin upp á diktafón. Stoppað var á nokkrum stöðum þar sem börnin litu í kringum sig og sögðu frá því sem fyrir augu bar. Börnin komu m.a. auga á rafmagnskassa og vildu vita hver ætti heima þar inni. Börnin bönkuðu á kassann og vildu komast inn, og að lokum komust þau að þeirri niðurstöðu að það ætti stelpa heima inni í rafmagnskassanum.

Þegar heim var komið var rifjað upp það sem vakti athygli barnanna, sem var t.d. *grafa að moka, steinar, krummi, snjór, tré, bíll, gras, hús, ljós, smíða* (byggingarhljóðin í nágrenninu), *kassi* (rafmagnskassinn).

Til að rifja upp ferðina voru myndir úr ferðinni prentaðar út og raðað á trönur, þannig gátu börnin rifjað upp og rætt saman um það sem fyrir augu og eyru bar. Börnin unnu úr ferðinni með því að byggja úr kubbum. Tilgangurinn var að skoða hverju börnin myndu eftir og tengja ferðina við verkefni dagsins. Eftir þessar umræður kom sú hugmynd að byggja hús úr kubbunum, handa

Börnin í hóp 1 mundu eftir?
Hestunum og hesthúsinu
Kindum og húsi
Labba
Tré
Bönkuðu á kassann enginn var heima.

Börnin í hóp 2 mundu eftir?
Leikskólanum
Krumma
Stelpu
Dúkku

stelpunni í kassanum. Það sem var minnisstæðast hjá báðum hópunum eftir gönguferðina var rafmagnskassinn. En börnin í hóp tvö mundu líka eftir stelpunni sem átti að eiga heima þar, það var því ákveðið að byggja hús handa henni.

Eitt sinn er verið var að skoða hálfbyggt hús varð einu barni að orði „hann er að skemma húsið“ þegar það sá mann vera að negla í húsið.

Í næstu gönguferð voru nýbyggingarnar skoðaðar aðeins nánar og teknar af þeim myndir. Myndirnar sem teknar voru í ferðinni voru prentaðar út og raðað á trönur. Börnin völdu sér svo byggingu til að vinna klippimyndir út frá. Nokkrar myndir voru settar á glærur og varpað á vegg sem búið var að hengja maskínupappír á. Börnin völdu sér hús sem þau vildu láta varpa upp, teiknuðu eftir útlínum og máluðu húsin. Unnið var saman í fimm manna hópum.

Kirkjugarðurinn er í göngufæri við leikskólann og fór einn hópurinn í nokkrar ferðir þangað og velti fyrir sér hvað þar væri að finna. Í framhaldi af þeim ferðum útbjó hópurinn svo kirkju og kirkjugarð.

Verkefnið í heild var mjög skemmtilegt og höfðu börnin mjög gaman af. Börnin voru áhugasöm um og fylgdust grannt með sínu nánasta umhverfi og yfirfærðu síðan reynsluna í leik með aðstoð fullorðinna. Flest börnin voru mjög ung og nýbyrjuð í leikskóla í upphafi verkefnisins, þetta var því gott tækifæri til að æfa þau í að vinna saman sem hópur og tengjast.

Hvað sáu börnin í gönguferð um nýbyggingarsvæðið?
Drullupoll, kanínu í drullupolli, Fíonabíll, stórt hús, kallana að smíða, mann að komast niður stiga, strætó (stórir vörubílar), babúbíl (vörubíll með ljós á þakinu).
Mikið var um smíðahljóð hvers konar, svo heyrðu þau „læti“

Ostur og skyr

Í leikskólanum Flúðum eru 97 börn, þau voru öll á einn eða annan hátt þátttakendur í verkefninu.
Í næsta nágrenni við leikskólann er fyrirtækið Norðurmjólk. Ákveðið var að leita eftir samstarfi við Samlagsmenn og konur. Hjá fyrirtækinu var vel tekið í þá hugmynd. Myndaðir voru nokkrir hópar innan leikskólans sem hver fór sína leið í að nálgast viðfangsefnið.

Auðhumla

Á Huldulandi eru 29 börn, á aldrinum 4-6 ára og tóku þau öll þátt í verkefninu. Hópnum var skipt í fimm hópa, sem hver fór í vettvangs- og rannsókarferð að samlaginu, tók myndir og ræddi um hvað þeim fannst áhugaverðast. Börnin voru mest upptekin af umhverfi Norðurmjólkur, þ.e. stóru sílónum sem eru utan á húsinu og styttunni af Auðhumla og mjaltakonunni. Því var ákveðið að gera líkan af umhverfi Samlagsins. Um var að ræða samvinnuverkefni allra hópa.

Holt og gott

Á Putalandi voru þrír hópar með 16 börnum á aldrinum 3 – 5 ára. Allir hóparnir fóru í vettvangsferðir að samlaginu, tóku myndir og ræddu hvað var áhugaverðast. Það var misjafnt hvað heillaði börnin, t.d. varð einn hópurinn alveg gagntekinn af ferskjumauki sem hellst hafði niður á bretti úti fyrir samlaginu. Forsagan var sú að í einni af vettvangsferðunum komu nokkrar stúlkur auga á appelsínugula klessu á stéttinni. Einni þeirra varð á orði að þetta „væri eitthvað ógeð“. Kennarinn greip tækifærið og spurði þær hvort þær vildu ekki kanna það nánar hvað þetta væri. Stúlkurnar voru til í það og spurðust fyrir hjá

starfsfólki Norðurmjólkur, þar sem fengust þær upplýsingar að þetta væri ferskjuþykkni sem notað væri til að búa til ferskjuskyr. Því næst lögðu stúlkurnar leið sína í verslun þar sem þær skoðuðu m.a. þær vörur sem samlagið framleiðir og selur. Í þeirri ferð var ákveðið að kaupa ferskjuskyr til að smakka. Eftir smökkun og rannsóknir komust þær að þeirri niðurstöðu að ferskjuskyr væri ekki bara gott á bragðið heldur líka holt, því var ákveðið að vera með ferskjuskyrssmökkun á sýningarsvæði Flúða. Norðurmjólk styrkti verkefnið og gaf m.a. allt skyrið sem fór í smökkunina.

Skiltin

Annar hópur velti fyrir sér skiltunum fyrir utan Norðurmjólk t.d. hvað þau þýddu. Áhugi var fyrir því að búa til skilti fyrirtækisins. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að panta viðtal við Helga Jóhannesson framkvæmdastjóra Norðurmjólkur, hann gæti vitað hvað skiltin þýddu. Helgi tók á móti hópnum á skrifstofu sinn og leiddi börnin allan sannleika um þýðingu merkjanna. Í framhaldinu bjuggu þau til skilti sem á stóð „Mjólk er góð“ og „Mjólkursamlagið“.

Skyrdrykkir

Einn hópur fór í leiðangur í verslunina Úrval í þeim tilgangi að skoða hvaða vörur frá Norðurmjólkur væru til sölu þar. Eftir að hafa rannsakað mjólkurkælinn gaumgæfilega var ákveðið að kaupa nokkrar tegundir af skyri og ýmis bragðefni, því áhugi var fyrir að búa til hina ýmsu skyrdrykki. Börnin prófuðu sig áfram með aðstoð kennara og bjuggu til skyrdrykki, þau komust t.d. að því að það er ekki gott að blanda tómatsósu og pepparóni í skyr til að búa til pizzudrykk. Útbúinn var uppskriftabæklingur með nokkrum velvöldum uppskriftum og dreift meðal gesta á sýningardaginn.

KEA Skyrdrykkir Flúða	
Blómadrykkur (Jana Dröfn) Bananaskyr (200gr) ½ Kiwi ½ Banani ½ Pera Vatn eftir smekk	**Pizzudrykkur** (Biggi) Hnetu- og karamelluskyr (200gr) ½ Pera ¼ Kiwi ¼ Appelsína Vatn eftir smekk
Jarðaberjadrykkur (Eva Rós) Jarðaberjaskyr (200gr) ½ Kiwi ½ Pera Nokkur vínber Vatn eftir smekk	**Eplaskyrdrykkur** (Maríanna Ósk) ½ Kiwi ½ Banani ½ Epli Vatn eftir smekk

Umbúðirnar

Á Risalandi tóku öll börnin, á aldrinum 4 – 6 ára, þátt í verkefninu. Þessi hópur velti fyrir sér umbúðunum sem samlagið notar utan um vörurnar sínar. Börnin skoðuðu ýmsar umbúðir, bæði gamlar og nýjar. Þau fengu að hafa með sér heim í leikskólann töluvert af gömlum umbúðum sem Norðurmjólkurmenn eru ekki að nota lengur og fundu þeim nýtt hlutverk. Úr umbúðunum voru sköpuð hin ýmsu listaverk eins og körfur, kettlingar, kettir, bátar, hundar og eldavélar og samdar sögur.



Ostur

Börnin á Undralandi ákváðu að búa til risastórann „ost“. Þau máluðu karton með gulum lit og formuðu það eins og ost. Starfsmenn Norðurmjólkur gáfu þeim límmiða til að setja á „ostinn“ svo hann liti raunverulega út. Á sýningarsvæði Flúða var buðu þau svo upp á gouda ost frá Norðurmjólk til smökkunar.

Norðurmjólk styrkti alla þátttakendur frá Flúðum með því að gefa börnunum gular derhúfur sem þau skörtuðu í bænum á sýningardaginn, þá styrkti Norðurmjólk verkefnið einnig með því að gefa eins og áður sagði, skyr og ost til smökkunar á sýningardaginn.

Þann 15. júní, fóru börn og kennarar í heimsókn í Norðurmjólk í þeim tilgangi að þakka fyrir samstarfið.

Kirkjan með augum barna

Í leikskólanum Krógaból lögðust tvær elstu deildarnar, 47 börn ásamt kennurunum sínum, í rannsóknarvinnu. Viðfangsefnið var kirkjurnar á Akureyri.
Leikskólinn hefur verið þátttakandi í þróunarverkefni þar sem unnið hefur verið með dygðir. Dygðin samkennd og samvinna fléttaðist ágætlega inn í verkefnið um kirkjurnar.



Leikskólinn Krógaból er staðsettur í kjallara Glerárkirkju, það lá því beint við að kanna kirkjumenningu með augum barnanna. Farnar voru vettvangsferðir og nokkrar kirkjur á Akureyri skoðaðar. Áður en lagt var af stað settust börn og kennarar niður og veltu fyrir sér hvað það er sem þau vildu vita um kirkjurnar og hvað það væri sem þau vissu. Eftir hverja heimsókn var rætt um það sem fyrir augu bar og velt fyrir sér hvað var merkilegast og vakti áhuga barnanna. Börnin byggðu kirkjur úr einingarkubbum og teiknuð kirkjur. Það sem stóð upp úr hjá þeim eftir ferðirnar voru ákveðnir hlutir sem tilheyra kirkjunni og kirkjulegum athöfnum. Hvort það var fegurð eða gildi þessara hluti er ekki alveg ljóst en þegar farið var að ræða hvað ætti að búa til og hafa á sýningunni voru börnin sammála. Þau hönnuðu og saumuðu hökla með stólu í barnastærðum, bjuggu til skírnarfont og kaleik, svo eitthvað sé nefnt. Umræðurnar sem sköpuðust í kringum verkefnið voru mjög skemmtilegar og gáfu leikskólakennurunum innsýn inní hvernig börnin sjá kirkjuna og það sem þar fer fram.

Skírnarfontur verður til

Vinna við hökla

Fyrir fram voru kennararnir nokkuð vissir um að börnin myndu teikna og mála kirkjurnar að utan, hugsanlega kirkjubekkina. Það kom þeim hins vegar í opna skjöldu sú leið sem börnin völdu og þau viðfangsefni sem þau völdu sér, eins og t.d. að gera hökla og kaleik. Áhugi barnanna var mikill og þau voru óþreytandi að spyrja og leita sér upplýsinga um þá hluti sem þau vildu búa til. Þetta var það sem hafði vakið athygli þeirra.

Spurningar sem börnin spurðu prestana að í kirkjuheimsóknunum

Af hverju er kross uppi á kirkjunni ?
Af hverju eru turnar á kirkjum?
Af hverju er kirkjan (Akureyrarkirkja) upp á hól?
Hvað er gert í kirkjunni?
Eru bjöllur á kirkjunni og af hverju eru bjöllur á kirkjunni og hver hringir bjöllunni?
Hvað er gert í messu?
Hvaða hlutir eru í kirkjunni?
Af hverju er presturinn að skíra börnin?
Af hverju eru börnin að herma eftir prestinum?
Af hverju er vatn sett á höfuðið á litlu börnunum þegar þau eru skírð?
Hvað segir presturinn þegar hann er að skíra?
Eru bæði konur og karlar prestar ?
Í hvernig fötum eru prestar ?
Af hverju eru manni gefnar bækur þegar maður kemur í kirkju ?

Altaristafla

Tvær gerðir af kaleikum

Unnið við kaleik

Skírnarfontar

Eftir hverja heimsókn í kirkjurnar byggðu börnin kirkjur úr einingakubbum

Eftir eina ferðina í Minjasafnskirkjuna, var ákveðið að gera líkan af gömlu kirkjunni.

Þula um gamla daga
e. Helgu 6,2 ára

Það var einu sinni gamall karl,
hann var að mjólka kýrnar.
Síðan kom bóndakonan
og tók við brúsanum.
Bóndakonan kom með aðra fötu
og hún var pínu stærri.
Síðan fóru þau bæði inn í hús
og karlinn var svo þreyttur
að hann var næstum sofnaður
og hann sofnaði.
Síðan vaknaði hann aftur
þegar bóndakonan var komin út
til að mjólka aftur.
Síðan fór karlinn að mjólka líka

Hvernig er sólin á litin?
Gestur 4,9 ára „Hún er gul og tunglið er blátt“.
Ingólfur Þór 4,11 ára „Sólin er heit, hún er eldur og hlýjar okkur“.
Patrekur 4,11 ára „Maður getur brennt sig á sólinni það þarf að hafa matarhanska til að brenna sig ekki“.
Getum við komið við sólina?
Ingólfur Þór 4,11 ára „Já með matarhönskum til að festa hana á himininn“.

Hvernig getum við fest sólina á himininn?
Gestur 4,9 ára „Með stiga upp í himininn“.
Patrekur 4,11 ára „Kannski með skrúfjárni“

Samantekt

Það er óhætt að segja að þegar lagt er af stað með hugmynd veit maður oft ekki hver lendingin verður. Það var áhugasamur hópur leikskólakennara sem hittist í nóvember 2003 til að hrinda í framkvæmd hugmynd sem þeim hafði verið gefin.

Það var ákveðið strax að það væri ekki skilda leikskólanna að taka þátt í verkefninu á sama hátt og það væri ekki nauðsynlegt að öll börnin í leikskólanum tækju þátt. Þetta var gert til að tryggja að það væru aðeins þeir sem teldu sig hafa tíma, getu og áhuga á að taka þátt í verkefninu sem væru með. Aðstæður leikskólanna eru misjafnar og sumstaðar var búið að ákveða önnur stór verkefni sem gerði það að verkum að ekki var hægt að taka þátt í þessu. Þátttökuskólarnir gerðu sér grein fyrir því strax í byrjun að þetta væri mikil vinna og allir sem tækju þátt þyrftu að leggja töluvert á sig til að láta allt ganga upp.

Á fyrsta fundi hópsins var rætt um hvaða leiðir ætti að fara og strax þá var ákveðið að hver færi sína leið, það væri ekki nein ein leið til að kynnast samfélaginu sínu. Best væri að hver og einn leikskóli eða hópur finni sína nálgun, enda er það margbreytileikinn sem gerir lífið litskrúðugra.

Auðvitað voru margar hindranir á leiðinni en þær voru til að sigrast á. Það sem stendur upp úr er að börn og fullorðnir lærðu um margbreytileika bæjarins, hversu fjölbreytt lífið er og hvað það eru margir hópar sem mynda samfélag.

Eitt af markmiðunum var að ná athygli almennings á því sem leikskólinn væri að gera, það er víst að það náðist. Sem dæmi um hversu mikla athygli verkefnið vakti má nefna að forstöðumaður Listasafnsins lét þau orð falla eftir sýningardaginn að hann hefði áhuga á að hafa sýningu í Listasafninu á listaverkum barna, þetta er eitthvað sem verður skoðað nánar.

Um framhaldið er það að segja að margar hugmyndir hafa orðið til í framhaldi af þessari, t.d. að tengja saman öll skólastigin, þ.e. að skólastiginn vinni saman að einhverju verkefni þar sem hvert hefur sinn útgangspunkt út frá einu ákveðnu þema sem endaði svo í einu sameiginlegu verki. Verkinu yrði síðan valin áberandi staður í bænum þar sem það fengi að standa.

Hvort sem verkefni sem þetta verður endurtekið að hluta eða einhverju leyti verður að koma í ljós, en hitt er að það tókst að vekja athygli almennings á því hversu hæfileikarík og getumikil börn eru.

Heimildir

Aðalnámskrá leikskóla. 1999. Menntamálaráðuneytið.

Filippini, Tiziana og Claudia Giudici. 2001. *Making learning visible. Children as individual and group learners.* (Ritsjórar; Claudia Guidici, Carla Rinaldi og Mara Krechevsky.) Projekt Zero, Harvard Graduate School of Education. Reggio Children srl.

Korczak, Janus. (1929). 1998. Sænsk þýðing Ros Mari Hartman. *Barnets rätt till respekt.* Psykologins Pionjärer. Stockholm, Natur og Kultur.

Rinaldi, Carla. 2001. *Making learning visible. Children as individual and group learners.* (Ritsjórar; Claudia Guidici, Carla Rinaldi og Mara Krechevsky.) Projekt Zero, Harvard Graduate School of Education. Reggio Children srl.

Vecchi, Vea. 2003. *„Den kompetenta pædagog"*. Námskeið á vegum Reggio Emilia Institutet, Stokkhólmi 17.- 20. nóvember 2003.

Listi yfir fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 Bréf til sýslumanns
Fylgiskjal 2 Kynningarbréf
Fylgiskjal 3 Fólkið í bænum
Fylgiskjal 4 Kort yfir sýningarstaði leikskólanna

Listi yfir heimasíður þátttöku leikskólanna

www.fludir.akureyri.is

www.holtakot.akureyri.is

http://kidagil.akureyri.is

http://www.klappir.akureyri.is

www.krogabol.akureyri.is

www.lundarsel.akureyri.is

www.naustatjorn.akureyri.is

www.palmholt.akureyri.is

www.sidusel.akureyri.is

www.sunnubol.akureyri.is

fylgiskjal 1

Sýslumaðurinn á Akureyri

Efni: Umsókn um leyfi til að halda listsýningu í miðbæ Akureyrar í tenglsum við verkefnið Bær í Barnsaugum

Tíu leikskólar á Akureyri ásamt Skóladeild Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviði Háskólans á Akureyri, hafa tekið höndum saman um verkefni sem hefur hlotið heitið **„Bær í barnsaugum“.**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.“ Með þetta að leiðarljósi var ákveðið að ráðast í verkefni sem felst m.a. í því að vekja athygli barna á umhverfi sínu. Verkefnið er leið til að tengja saman leikskóla og samfélag. Leikskólarnir munu hver og einn velja sér leiðir en liður í rannsóknum barna og kennara er að fara í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir bæjarins og kynna sér hvað fer þar fram.

Markmið verkefnisins

Að vekja athygli barna og kennara á umhverfi sínu.
Að vekja athygli barna og kennara á hvað fer fram í bænum þeirra.
Að vekja athygli samfélagsins á hæfileikum og færni leikskólabarna.
Að auka samkennd bæjarbúa allra.
Að vekja athygli annarra á því sem er að gerast í bænunum okkar.

Þar sem hugmyndin er að verkefninu ljúki með sameiginlegri listsýningu **föstudaginn 28 maí 2004** óskum við eftir leyfi til að fá að setja upp sýningu í miðbænum. Hugmyndir hafa komið fram um að sýna í Kirkjutröppunum, í Hafnarstrætinu, í Listagilinu, á Ráðhústorginu og víða um miðbæinn. Gert er ráð fyrir að sýningin standi yfir frá kl. 11 – 17 þennan dag.

Með ósk um jákæv viðbrögð

F.h. leikskólanna

Leikskólabörn í leikskólanum Klöppum

Nöfn tengiliða og leikskóla:

Aðalheiður Hreiðarsdóttir	leikskólinn Klappir	klappir@akureyri.is
Agnes Bryndís Jóhannesdóttir	leikskólinn Kiðagil	abryndis@akmennt.is
Helga María Þórarinsdóttir	leikskólinn Lundarsel	helgam@simnet.is
Ingibjörg Hallgrímsdóttir	leikskólinn Pálmholt	ihall@simnet.is
Lilja Valdimarsdóttir	leikskólinn Krógaból	liva@akmennt.is
Linda Egilsdóttir	leikskólinn Naustatjörn	lindae@internet.is
Rannveig Þórhallsdóttir	leikskólinn Síðusel	rannveig@akmennt.is
Sigríður Fossdal	leikskólinn Sunnuból	sirry@akmennt.is
Svala Björnsdóttir	leikskólinn Flúðir	fludir@akureyri.is
Þorgerður Sævarsdóttir	leikskólinn Holtakot	gerdasaev@hotmail.com
Sesselja Sigurðardóttir	Skóladeild Akureyrar	sesselja@akureyri.is
Sigríður Síta Pétursdóttir	Skólaþróunarsvið H.A.	sita@unak.is

Kynning á verkefninu

Bær í barnsaugum

– að beina sjónum sínum að menningu barna

Tíu leikskólar á Akureyri ásamt Skóladeild Akureyrar og Skólaþróunarsviði Háskólans, hafa tekið höndum saman um verkefni sem hefur hlotið heitið **„Bær í barnsaugum“.**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir m.a. „leikskóla ber að nýta þau menningarlegu og félagslegu tækifæri sem umhverfi hans og staðsetning gefur kost á.“ Með þetta að leiðarljósi var ákveðið að ráðast í verkefni sem felst m.a. í því að vekja athygli barna á umhverfi sínu. Verkefnið er leið til að tengja saman leikskóla og samfélag. Leikskólarnir munu hver og einn velja sér leiðir, en liður í rannsóknum kennara og barna er að fara í heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir bæjarins og kynna sér hvað fer þar fram.

Verkefninu mun ljúka með sameiginlegri listsýningu **föstudaginn 28 maí 2004** og er stefnt að því að sýna í miðbænum, hugsanlega í Kirkjutröppunum, í Hafnarstrætinu, í Listagilinu og á Ráðhústorginu.

Markmið verkefnisins

Að vekja athygli barna og kennara á umhverfi sínu.
Að vekja athygli barna og kennara á hvað fer fram í bænum þeirra.
Að vekja athygli samfélagsins á hæfileikum og færni leikskólabarna.
Að auka samkennd bæjarbúa allra.
Að vekja athygli annarra á því sem er að gerast í bænunum okkar.

Með þessu bréfi er fyrst og fremst verið að upplýsa um verkefni um leið og óskað er eftir samstarfi, þar sem hugsast getur að þitt fyrirtæki eða stofnun verði sú sem börn og kennarar hafa hug á að kynna sér. Meðfylgjandi er listi yfir nöfn tengiliða verkefnisins í hverjum leikskóla, ásamt netfangi. Það væri einnig skemmtilegt ef fyrirtæki og stofnanir bæjarins beindu sjónum sínum að barnamenningu vikuna 24. – 28. maí, t.d. spila tónlist flutta af börnum eða fyrir börn, skreyta með myndlist eða listaverkum barna eða myndum af börnum, bjóða upp á barnamatseðla eða hvað annað sem hverjum og einum dettur í hug sem tengist barnamenningu.

Það er ósk okkar sem að verkefninu standa að sem flestir sjái sér fært að taka þátt á einn eða annan hátt, hvort sem það er í samstarfi með einhverjum af leikskólum bæjarins eða á annan hátt og glæða þannig bæinn okkar lífi þessa viku.

Nöfn tengiliða og leikskóla:

Aðalheiður Hreiðarsdóttir	leikskólinn Klappir	klappir@akureyri.is
Agnes Bryndís Jóhannesdóttir	leikskólinn Kiðagil	abryndis@akmennt.is
Helga María Þórarinsdóttir	leikskólinn Lundarsel	helgam@simnet.is
Ingibjörg Hallgrímsdóttir	leikskólinn Pálmholt	ihall@simnet.is
Lilja Valdimarsdóttir	leikskólinn Krógaból	liva@akmennt.is
Linda Egilsdóttir	leikskólinn Naustatjörn	lindae@internet.is
Rannveig Þórhallsdóttir	leikskólinn Síðusel	rannveig@akmennt.is
Sigríður Fossdal	leikskólinn Sunnuból	sirry@akmennt.is
Svala Björnsdóttir	leikskólinn Flúðir	fludir@akureyri.is
Þorgerður Sævarsdóttir	leikskólinn Holtakot	gerdasaev@hotmail.com

Akureyri 8. mars 2004

Með bestu kveðju og von um góða og skemmtilega samvinnu,

Sigríður Síta Pétursdóttir,
ráðgjafi á Skólaþróunarsviði kennaradeildar HA
sita@unak.is

Sesselja Sigurðardóttir,
Leikskólaráðgjafi á Skóladeild Akureyrarbæjar
sesselja@akureyri.is

Við í Lundarseli ákváðum að skoða fólkið sem býr í bænum okkar! Við á Kisudeild byrjuðum á því að spjalla um mismunandi hópa sem búa í Akureyrarbæ. Börnin nefndu ýmsa hópa. Fyrst nefndu þau að í bænum okkar byggju gamlir/fullorðnir og ungir/börn og **"þeir fullorðnu vinna sko allskonar vinnu."** Því næst ræddum við um fullorðna fólkið og vinnu þeirra og veltum fyrir okkur hvaða hver hópur gerðir fyrir bæinn okkar....

Hér er örstutt samantekt á samræðum barnanna í Dýrahóp í byrjun verkefnisins.

Hópar sem búa á Akureyri.	Hvar vinnur hann?	Við hvað fæst hann?	Til hvers?	Ef þessi hópur væri ekki til, hvað þá?
Smiðir - sem eru oftast karlmenn segja börnin.	Smiðir vinna á smíðaverkstæðum og þar sem er verðir að byggja hús.	Smiðir smíða allskonar dót, eins og húsgögn, hús og eldhússkápa.	Til þess að við getum sofið í hlýjum húsum, Svo við höfum eldhús og fataskápa. Þeir smíða fleiri hús, þannig að bærinn okkar getur stækkað.	Þá væru engin hús eða þá myndi maður byggja bara spýtuhús sjálfur. Þá svæfum við í tjaldvagni.
Kennarar.	Skólum.	Þeir kenna.	Til þess að við lærum að lesa, skrifa og reikna.	Haha! Þá kynni maður ekki allt.
Búðarfólk - sem eru oftast konur og stelpur.	Búðum og verslunum eins og 10-11.	Þeir segja manni hvað maturinn kostar, selja okkur ýmislegt og fylla í hillurnar.	Svo við getum keypt mat, nammi, dót og svoleiðis.	Þá þyrfti maður að panta allt eða eitthvað? Eða búa það til sjálfur.

Slökkviliðsmenn - sem eru karlmenn en konur hafa verið það líka.	Slökkviliðsstöð og brunabílum	Þeir passa að það komi ekki eldur... Þeir slökkva elda og bjarga fólki. Sumir keyra bílinn	Til að ekki komi eldur! Til að slökkva elda og svoleiðis.	Þá brynni kannski allt! Þá væri engin til að hjálpa fólki þegar það kviknar í. Þeir eru nauðsynlegir svo bærinn okkar brenni ekki.
Löggur - sem eru sko konur og karlar.	Löggustöðum og á leynistöðum.	Þeir handtaka bófa og passa að sumir keyri ekki of hratt. Þeir búa til umferðarreglurnar	Svo ekki verði bófa á Akureyri eins og í útlöndum.	Haha! Þá væri allt í rugli.
Kokkar - karlmenn og líka mömmur	Eldhús	Þeir elda og baka og smakka matinn.	Svo fólk geti pantað sér mat.	Þá borðar maður bara heima hjá sér.
Listamenn - sem eru oftast konur segja börnin.	Vinnustofum og líka heima hjá sér.	Þeir skapa. Þeir mála, leira, búa til hitt og þetta. Þeir búa líka til spegla og bolla.	Þeir gera fallega hluti og skreyta allt fyrir okkur. Þeir mála það sem þeir sjá, kannski eitthvað sem við höfum ekki séð.	Þá væri allt svo tómt, engar myndir heima hjá manni. Þá væru engar styttur í bænum okkar.

Við ákváðum síðan að skoða nánar listamenn á Akureyri. Kynnast vinnu þeirra og við hvað þeir fást. Listamenn skapa svo fólk... hvað? Hvað gera þeir fyrir Akureyri? „Þeir gera fallegt allt í kring, inní húsunum okkar líka og svoleiðis, og svo gera þeir svona gott fyrir hugann“ sagði ein fimm ára. En Grunnhugmyndin að því að skoða

þennan tiltekna hóp Akureyringa má rekja til þess að við fórum á Listasafnið þegar verkefnið var í bígerð og skoðuðum þar verk eftir mann sem málaði meðan hann hlustaði á tónlist og þá hvíslaði ein lítil skvísa „Hvað erum við þá listamenn?“ (undrun skein úr andliti hennar) *„Við málum líka oft, oft við tónlist.“*

Við höfum prófa mismunandi efniviði og leikið okkur með ýmis listform. Við höfum verið að velta fyrir okkur formum og línum, litum og ljósi og skugga. Við höfum verið að velta fyrir okkur hvað er fegurð? Hvað er sköpun? Hugmyndaflug? Hvaðan kemur ímyndunaraflið - hugmyndin? Hvaðan kemur það sem ég teikna hér? Hvað er falleg mynd eða fallegur skúlptúr? Hver ákveður það? Hvað sjáum við út úr myndunum og sjá allir það sama? Hvaða tilfinning er í verkinu og finnst öllum eins?

Við höfum heimsótt nokkra listamenn á vinnustofur þeirra. Einnig hafa þeir heimsótt okkur í leikskólann. Við höfum líka vafrað um á netinu inná ýmsa listavefi og teljum við okkur hafa lært heilmikið svo og skemmt okkur! Inná heimasíðu Kisudeildar má sjá fullt af myndum af börnunum við vinnu í þessu verkefni – fullt af myndum af efnilegum listamönnum.

Bær í barnsaugum

Staðsetning leikskolanna

Fluðir í Listagilinu

Holtakot v. Skatagilið

Kiðagil v. Pennan Bokval

Klappir í glerhusi Bautans

Krogabol v. kirkjutröppurnar og í KB banka Geislagötu

Lundarsel í Listagilinu

Nautatjörn v. Simann

Palmholt v. Listflettuna

Síðusel v. kirkjutröppurnar

Sunnubol í Sparisjoðnum

Goða skemmtun og njotið vel

Dagskrá 28. maí 2004

Bær í barnsaugum

– að beina sjónum sínum að menningu barna

11:00 Börn frá leikskólanum Kiðagili syngja lag eftir Davíð Stefánsson.

11:05 „Bær í barnsaugum“
Sigríður Síta Pétursdóttir.

11:15 Börn frá leikskólanum Síðuseli fara með gamlar íslenskar þulur.

11:20 Ávarp Kristjáns Þórs Júlíusson, bæjarstjóra.

11:30 Sýningin formlega opnuð. Tíu börn klippa á borða ásamt Kristjáni Þór.

Sýningin í miðbæ Akureyrir verður uppi fram til kl 19:00.
Laugardaginn 29.maí flyst sýningin inn á Glerártorg þar sem henni verður fram haldið í júní.